

26.01.2025 (#6 2024-2025) kl. 16:00

Fundurinn fer fram í gegnum fjarfundarbúnað

Mætt voru stjórnarmennirnir **Valerie Maier, Rósfríð Kristín Áslaugsdóttir, Jón Axelsson og Ragnar Fjalar Sævarsson**, sem jafnframt ritaði fundargerð. Þá sat Geir Ómarsson framkvæmdastjóri fundinn.

Fjarverandi: Katrín Pálsdóttir og Jón Orri Jónsson.

Margrét J. Magnúsdóttir og Sveinn Símorsson hafa sagt sig úr stjórn og óskað eftir að varamenn taki sæti þeirra.

Valerie Maier stýrði fundinum.

Dagskrá fer fram í samræmi við fundarboð:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Fjarhagstaða ÞRÍ
3. Kosning á Evrópuþing, stjórn og nefndir
4. Auglýsingaherferð ÞRÍ – staðan
5. Umsóknir til ÞRÍ
6. Þríþrautarþing 2025 kosning í stjórn
7. Uppskeruhátið og púnktarsöfnun - umræða
8. Önnur mál

1. Fundargerð síðasta fundar

Valerie leggur fram fundargerð síðusta fundar sem var send stjórnarfólki í tölvupósti fyrir fundinn og biður stjórnarfólk um að koma með athugasemdir eða staðfesta fundargerðina. Engin athugasemd.

Fundargerð samþykkt

2. Fjarhagstaða ÞRÍ

Geir fór í gegnum fjárhagsstöðu sambandsins sem virðist vera fín. Um 3,5 milljónir inn á reikningnum.

Aukafjármögnun til afreksmála – fer í aukið fjármagn til afreksmála og í stofnun afreksmiðstöðvar.

ÞRÍ sótti um í Europe Triathlon development sjóðinn og eftir breytingar á fyrirkomulagi sjóðsins þá þarf nú að koma með fjögurra ára stefnu. Óvíst hvort við fáum styrk eins og staðan er núna en fáum frekari upplýsingar í maí. Upplýsingafundur um miðjan febrúar.

Purfum að ákveða hvort þau verkefni sem við sóttum um hjá sjóðnum verði fjármögnun ekki samþykkt, verði fjármögnuð af ÞRÍ á árinu.

3. Kosning á Evrópuþing, stjórn og nefndir

Í fyrra var kosning heimssambandsins (World Triathlon) fyrir bæði forseta og stjórn. Valerie hefur trú á því að þetta sé fínsta fólk. Nú verða kosningar í Evrópu (Europe Triathlon) á þessu ári þann 22. mars í Istanbul og Valerie er að hugsa um að fara. Valeri er jafnframt að hugsa um að bjóða sig fram í Þróunarnefnd sambandsins.

4. Auglýsingaherferð ÞRÍ – staðan

Geir fór yfir stöðuna á áætlaðri auglýsingaherferð ÞRÍ og fyrir félögin sem ætlað er að auka nýliðun í þríbraut. Það hefur í raun lítið gerst varðandi auglýsingaherferð ÞRÍ ennþá en þetta er í vinnslu.

5. Umsóknir til ÞRÍ

3 umsóknir hafa komið inn frá félögunum fyrir styrk sem ætlaður er til að auka nýliðun. Frá Norðurljósum, Breiðablik og 3SH upp á 100.000 kr, fyrir hvert félag.

Umræður fóru fram um hvernig félögin ættu verja styrkjunum og voru allir sammála um að félögin ættu að geta ráðstafað styrknum samkvæmt sínum áherslum svo lengi sem það leiði til aukinnar nýliðunar.

Samþykkt var að Selfoss gæti einnig fengið til að auka nýliðun, jafnvel þó að ekki sé búið að stofna formlega þríbrautarfélag.

6. Þríbrautarþing 2025 kosning í stjórn

Samkvæmt reglum ÍSÍ þar ÞRÍ að boða til Þríbrautarþings á milli 15. febrúar til 15. apríl. Valerie stakk upp á 29. eða 30. mars og verður skoðað hvort hægt verði að fá sal á þessum dögum.

7. Uppskeruhátið og púntarsöfnun - umræða

Valerie fer yfir mál sem barst ÞRÍ er varðar hvernig þátttakendum er misskipt á milli félaga og hvaða áhrif það hefur þegar kemur að keppnum.

Geir ræddi um hugmynd að kynna til leiks bikarkeppni þar sem t.d. 4 karlar og 4 konur frá hverju félagi myndu keppa um bikarmeistaratitil.

Jón ætlar að koma með tillögu að breyttu fyrirkomulagi í stigakeppni félaga sem myndi virka meira hvetjandi fyrir keppendur í aldurflokkum. Hugmynd að taka þessa tillögu svo til frekari umræðu á næsta formannafundi.

8. Önnur mál

Geir ræddi um að það þyrfti að fylgja eftir hvatningu til félaganna að senda inn umsókn að almannaeillaskrá. Hann ætlar að ræða þetta við félögin.

26. janúar 2025
6. fundur 2024-2025

Nefnd á vegum World Triathlon um aldursópa sendi tölvupóst á ÞRÍ með hvatningu um að setja sérstaka síðu á vefsíðu ÞRÍ með upplýsingum um mót erlendis fyrir fólk sem hefur áhuga á að keppa aldursfloknum

Rætt var um að hafa mögulega æfingaferð til útlanda á vegum ÞRÍ og það var samþykkt að ræða þá hugmynd frekar á næsta formannafundi.

Stefna á að halda næsta formannafund í mars.

Fundi slitið kl.17:50

Næsti stjórnarfundur

Valerie ætlar að kom með tillögu fljótlega að dagsetningu fyrir næsta stjórnarfund.

Samþykkt

Fundargerð yfirfarin og samþykkt án athugasemda af öllum fundarmönnum